

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn: Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um Smyrilshlíð
Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 26. janúar 2022 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi í Smyrilshlíð 2 (n.t.t. íbúð 502) og hvernig grenndaráhrif hún muni hafa? Einnig hvaða áhrif mun breytingarnar muni hafa á birtu/skuggavarp.

Vegna breytinga á deiliskipulagi fyrir Hlíðarenda, reit G H og I vill embætti skipulagsfulltrúa árétta að byggðin mun bæði stækka til suðurs frá Hlíðarendahverfi og til vesturs og hefur það verið fyrirséð frá gildistöku Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Óhindrað útsýni sem íbúðir kunna að hafa í dag í vestur að aðalbyggingu Háskóla Íslands er því tímabundið ástand. Það sama má segja um skuggavarp á nálægða byggð, alltaf hefur verið stefnt að því að byggja á þessum reit og því er aukið skuggavarp í takt við uppbyggingu svæðisins. Breyting á skuggavarp gæti helst eftir vor og haustdægur eftir klukkan 17:00 f.h. skipulagsfulltrúa

Borghildur Sölvey Sturludóttir